

Skólaráð Hörðuvallaskóla

8. fundur skólaársins 2018-2019, haldinn 10. maí 2019

Skólastjóri: Ágúst Frímann Jakobsson
Fulltrúar foreldra: Linda Hilmarsdóttir, Arnar Björnsson
Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir
Fulltrúar kennara: Alma Ernstdóttir, Unnur Óttarsdóttir
Fulltrúi starfsfólks: Sigríður Einarsdóttir

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Næsta skólaár

Ráðningar kennara eru langt komnar, vantar ca tvo ennpá. Uppstilling teyma er einnig langt komin en aðeins göt í henni.

Verið er að stokka upp bekki í 2. árgangi, 6. árgangi og 7. árgangi skv. plani. Fækka þarf um eina bekkjardeild í hverjum þessara árganga.

Búið er að ráða sérkennsluráðgjafa í 40% stöðu í Vallakór og 60% stöðu í Baugakór. Unnið er að ráðningu deildarstjóra. 9 umsóknir bárust, 3 umsækjendur voru boðaðir í viðtöl og gengið verður frá ráðningu innan skamms.

Varðandi starfið næsta vetur verður megináherslan á innleiðingu núvitundar og áframhaldandi vinna varðandi námsmat og námsáætlanir.

Umræður um að skólinn aðstoði við að fá bekkjafulltrúa til starfa næsta vetur, það gengur erfiðlega að fá alla bekki mannaða hvað þetta varðar.

2. Niðurstöður samræmdra prófa í 9. bekk og nemendakönnunar Skólapúlsins.

Niðurstöður kynntar. Hvað samræmdu prófin varðar er mjög góð útkoma í heildina í stærðfræðinni en aðeins síðri í íslensku. Enskan er nokkurn veginn í meðaltali. Skólapúlsinn kemur út eins og venjulega, í heildina tekið mjög jákvæðar niðurstöður, nær allir þættir eru verulega ofan landsmeðaltals en það er einn þáttur sem gjarnan er neðan meðaltalsins en það er ánægja nemenda af lestri.

3. Húsnæðis- og lóðamál

Fundur hefur farið fram með skólastjórnendum, fulltrúum foreldra, menntasviðs og umhverfissviðs varðandi húsnæðismál í Vallakór. Á fundinum voru skoðuð drög að teikningum þar sem gert er ráð fyrir félagsaðstöðu nemenda og fleiri kennslustofum í kjallara hússins. Áfram er unnið að þeirri hönnun og stefnt að því að vinna geti hafist á þessu ári. Aðstaðan þá hugsanlega tilbúin haustið 2020.

Varðandi lóðamál í Vallakór er hönnun langt komin og stefnt að því að ljúka framkvæmdum í sumar.

4. Önnur mál

a) Heimsóknir presta. Skólastjóri hefur ítrekað fyrirspurn til menntasviðs varðandi túlkun á reglum bæjarins en svar ekki enn borist. Skólastjóri mun senda ítrekun á ný.

b) Tilnefningar til Kópsins. Fjögur verkefni í Hörðuvallaskóla hlutu tilnefningu til Kópsins í ár en það eru verkefni Skákkennsla í Hörðuvallaskóla, Skólabókasafn Hörðuvallaskóla, Hæfniviðmið – vinna með nemendum og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á þemadögum Hörðuvallaskóla. Kópurinn

verður afhentur þann 16. maí nk. og þá kemur í ljós hvort eitthvert þessara verkefna hlýtur viðurkenninguna.

c) Fulltrúi grenndarsamfélagsins. Skólaráð samþykkir að kalla Mörtu Sigurjónsdóttur til sem fulltrúa grenndarsamfélagsins á næsta skólaári í ljósi reynslu hennar og þekkingu af starfi skólans og tengsla við foreldra og nærsamfélagið.

d) Vorhátíðin. Farið yfir nokkur praktísk atriði varðandi vorhátíðina þann 21. maí nk.

Næsti fundur verður boðaður í júní ef tilefni þykir til eða skólaráðsfulltrúar óska eftir því. Annars verður næsti fundur boðaður í ágúst.

Ágúst ritaði fundargerð